81 25. júní. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* viðvíkjandi þingsályktun út af tillögum yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1886 og 1887.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 16. nóv. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktan út af tillögum yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1886 og 1887, er samþykkt var á síðasta þingi, svo hljóðandi:

«Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að framvegis, þegar hinir sjerstöku reikningar fyrir tekjum landssjóðs tilfæra einhverjar upphæðir sem eptirstöðvar, þá fylgi þar með skýrsla um, hvar þær standi, og hverjar ráðstafanir hafi verið gerðar til að innheimta þær.
2. Að öllum landssjóðslánum til einstakra manna verði smámsaman eptir atvikum breytt í afborgunarlán, og að engin slík lán verði framvegis veitt úr viðlagasjóði, nema gegn árlegri afborgun, í lengsta lagi til 28 ára.
3. Að brunabótagjald fyrir hús embættismanna utan Reykjavíkur, sem veðsett eru landssjóði, verði til tryggingar fyrir hann greitt af embættislaunum þeirra.
4. Að fyrv. háyfirdómara Jóni Pjeturssyni, er fengið hefur 200 kr. styrk til að gefa út kirkjurjett, verði settur hæfilegur frestur til að ljúka við útgáfuna, ella verði honum gert að skyldu að endurborga styrkinn.

Jafnframt hafið þjer af þeim ástæðum, sem nákvæmar eru teknar fram í brjefi yðar, lagt það til, að þrír fyrstu liðir áskorunarinnar sjeu teknir til greina, hinn þriðji þó að eins að svo miklu leyti sem brunabótafjelög þau, sem hafa umrædd hús í ábyrgð, hafa umboðsmenn í Reykjavík, sem annast um að ábyrgðargjöldunum sje veitt móttaka við jarðabókarsjóðinn í tæka tíð. Að því er snertir 4. lið ályktunarinnar látið þjer í ljósi, að nú hafi gangskör verið gjörð að prentun rits þess, sem þar er um að ræða, og muni þetta atriði því að líkindum lagast af sjálfu sjer.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til þóknanlegrar vitundar, til þess að þjer látið kunngjöra það í B.-deild Stjórnartíðindanna, að jeg fellst á tillögur yðar um þrjú fyrstu atriði þingsályktunartillögunnar, og að því er snertir 4. atriðið er yður samdóma um, að vegna líkinda þeirra sem eru til þess að það mál lagist, sje að sinni ekki ástæða til að gjöra neitt í því efni.

82 25. júní **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um «quæstiones solvendæ».** — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi dags. 12. f. m. sent mjer erindi biskupsins á Íslandi, þar sem hann fer fram á, að hætt verði að senda kandídötum í guðfræði «quæstiones solvendæ», sem fyrirskipaðar eru í tilskipun um latínuskólana á Íslandi, 3. maí 1743, sakir breytinga þeirra, sem orðnar eru á fyrirkomulagi skólanna, og hafið þjer tekið fram, að þessi tilskipun, sem samkvæmt fyrirsögninni að eins á við þá, er útskrifaðir eru frá latínuskólanum á Íslandi, hafi aldrei verið álitin gildandi gagnvart guðfræðiskandídötum frá háskólanum, og geti að yðar áliti heldur ekki orðið beitt gegn þeim, sem útskrifaðir eru frá prestaskólanum, þar sem hún að eins snertir ástandið, sem var, áður en prestaskólinn var stofnaður. Með þessari athugasemd hafið þjer skotið málinu til stjórnarráðsins.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega gefið til þóknanlegrar vitundar, til þess að þjer birtið það biskupinum, að jeg verð að vera yður samdóma um, að ákvarð-